



Opinn fundur með stjórnendum NFFG, nemendum og stjórnendum skólans í Urðarbrunni miðvikudaginn 2. október 2019.

Kristinn Þorsteinsson skólameistari setti fundinn og bauð alla velkomna. Hann byrjaði á því að segja að líklega yrðu opnir fundir ekki nema tveir í þriggja anna kerfinu þ.e. á haustönn og vorönn. Hann þakkaði nemendum fyrir þeirra framlag til breytinganna og sagði að allt hefði gengið vel.

Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ fékk síðan orðið og allir byrjuðu á því að kynna sig:

Natalía – forseti nemendafélagsins
Eygló – fjármálastjóri
Anna – markaðsstjóri
Andri – skemmtistjóri
Valdimar – formaður íþróttanefndar
Sara – formaður málfundafélagsins
Fannar – fulltrúi nýnema
Egill – formaður leikfélagsins Verðandi

Síðan fóru þau yfir næstu atburði á þeirra vegum:

- 4.10 Fótboldamót
- 10.10 Forkeppni v. FG ~ Flensburg
- 11.10 FG ~ Flensburg
- 9.10 Gettur betur (FG ~ Flensburg)
- 10.10 Morfís (FG ~ Flensburg)
- 18.10 Lanmót
- 29.10 Skemmtikvöld

Þau sögðu líka frá peysum sem eru að fara í sölu – mátun í vikunni.

Nemendakortin eru væntanleg á Síminn Pay. Yfir 30 staðir sem bjóða afslatt.



Nemendafélagið er virkt á samfélagsmiðlum:

- Instagram: adalstjornnffg
- Facebook: Nemendafélag Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Á næstu önn stendur nemendafélagið fyrir salsaballi. Spurt var út í sal hvort nemendur væru með tillögur að „lineup“. Úr sal komu þessar athugasemdir og tillögur:

- Ekki gott að að hafa rapplög, hafa heldur lög sem hægt er að syngja með
- Stebbi Hilmars
- Sálin hans Jóns míns

Frá leikfélaginu:

- Leikfélagið ætlar að sýna barnaleikritið Haust.
- Prufur verða eftir mánuð fyrir Reimt (stærsta leikritið sem framhaldsskóli hefur sýnt).
- Karl Ágúst Úlfsson mun leikstýra, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson mun koma að þessu líka svo og Brynhildur Karlsdóttir.
- Hægt verður að sækja um sem dansari eða söngvari án þess að þurfa að leika.

Spurningar úr sal:

Hverjir eru í Gettu betur liðinu?

- *Verður tilkynnt í næstu viku.*

Af hverju eru íþróttir skylda?

- *Hlutverk framhaldsskólans er m.a. að búa nemendur undir líf og starf í fjölbreyttu þjóðfélagi og eitt af því er að hvetja til hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls. Nemendur hafa mikið val hvað íþróttaráfanga varðar.*

Er komið verð á peysurnar

- *Nei.*



Af hverju eru ekki tónlistaráfangar í FG? Skólinn ríkur af hæfileikaríku fólki og listaáfangar margir fyrir utan tónlist.

- *Vonandi verður hægt að tileinka eina stofu tónlistarkennslu í nýrri viðbyggingu. Fjöldi nemenda er oft vandamál þ.e. ekki nægilega margir velja valáfanga svo hægt sé að kenna þá. Áskorun fyrir skólann að gera þetta að veruleika. Kristinn hvatti nemendur ef þeir hafa hugmyndir að áhugaverðum áföngum að skila til sín undirskriftarlista með nemendum sem vilja taka áfangann. Ef nægilega margir velja áfangann þá verður farið í þá vinnu að finna kennara.*

Spurt var hvort hægt væri að skipta um lit að hluta í salnum, blái liturinn truflar.

- *Leikfélagið og arkitekt hússins unnu saman í því breyta litum á salnum og var það vegna óska frá leikfélaginu.*

Kemur Daníel Breki aftur?

- *Nemendur svara því til að hann sé væntanlegur í nóvember.*

Spurt var um ofnafyrirkomulag í salnum.

- *Enginn sem sat fyrir svörum gat svarað fyrir það.*

Fundi slitið.

Fundargerð ritaði Kristín Helga Ólafsdóttir